



Bæjarstjórn Garðabæjar 15. (855)/2019

Boðað er til 15. (855). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 17. október 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1910011F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/10'19.
1709349 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Reynilundi 11.
1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 8 (áður 10).
1907203 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um breytingu á bifreiðastæðum við Nýhöfn 1-3.
1907004 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 15-19.
1908434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fjölbýlishúss við Hraungötu 2-6.
1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi heiti á götu á Stórásreit.
1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Lundahverfi.
2. 1910023F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/10'19.
3. 1909020F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 25/9'19.
4. 1910010F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 2/10'19.
5. 1910005F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 4/10'19.
6. 1910008F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/10'19.
7. 1910017F - Fundargerð skólanefndar frá 11/10'19.
8. 1907106 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 7/10'19.
9. 1904165 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 7/10'19.
10. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 1/10'19.
11. 1901316 - Fundargerð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 20/9'19.
12. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 7/10'19.
13. 1909437 - Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum. (síðari umræða)



14. 1902069 - Skýrsla um úttekt á stjórnslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar, dags. í september 2019.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
14. (854). fundur 2019

Fimmtudaginn 3. október 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Ingvar Arnarson, Valborg Ösp Á. Warén og Guðjón Pétur Lýðsson.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. september 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909029F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/9 '19.

Enginn tók til máls.

Afgreiðsla mála:

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Urriðaholtsstræti 40-42 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Holtsvegi 55 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga er tekur til svæðis á norðurnesi Álftaness. Samhliða verður unnið að gerð deiliskipulags fyrir sama svæði.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Jafnframt skal lýsingin kynnt almenningi.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1909039F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/10 '19.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 12. tl., bréf Trés lífsins um minningagarð og 9. tl., bréf Starfsmannafélags Garðaskóla varðandi óviðunandi aðstöðu í eldhúsi

Fundargerðin sem er 20 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1909025F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 20/9 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., nýtt leiðanet Strætó bs.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1909021F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 19/9 '19.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi 1. tl., kynningu á skólastarfi og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

Fjöldi nemenda við nám hjá Tónlistarskóla Garðabæjar eru 470 samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnenda.

-Hversu mörg börn eru á biðlista hjá Tónlistarskóla Garðabæjar?

-Er á áætlun að taka á þeim húsnæðisvanda sem Tónlistarskóli Garðabæjar býr við?

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/9 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 30/8 '19.

Björg Fengler, ræddi 4. tl., nýtt leiðanet og 5. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks. Gunnar gerði grein fyrir tillögum er hann hefur lagt fram í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og varða starfsemi Jöfnunarsjóðs og reglur um úthlutun framlaga.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., nýtt leiðanet.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., útboð vegna vagnakaupa.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 5. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks og tillögur um úttekt á starfsemi Jöfnunarsjóðs. Guðfinnur vék að opnun íbúðakjarna við Unnargrund sem hann kvað mikið fagnaðarefni í búsetumálum fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 27/9 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., úttekt á verkferlum og fyrirkomulagi og 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs.

Ingvar Arnarson, ræddi 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs..

Björg Fengler, ræddi 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs..

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs.. Þá ræddi Jóna 1. tl., fjármögnun Tækjabúnaðar.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs..

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs..

Björg Fengler, ræddi að nýju 7. tl., notkun metan hjá Strætó bs.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1901375 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 9/9 og 25/9 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., fg. frá 25/9, aðalfund 2019.

Gunnar Einarsson ræddi 2. tl., fg. frá 25/9, aðalfund 2019 og upplýsti að á aðalfundinum mun fara fram umræða um málefni og stöðu byggðasamlaganna.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl., fg. frá 25/9, aðalfund 2019 og vék að starfsemi og reglum Jöfnunarsjóðs.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1903468 - Jafnlaunastefna Garðabæjar 2019

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir forsendum og markmiðum tillögu að jafnlaunastefnu Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi tillögu að jafnlaunastefnu Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða jafnlaunastefnu Garðabæjar.

10. 1909437 - Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (fyrri umræða).

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir helstu atriðum samkomulagsins. Gunnar lagði til að því verði vísað til síðari umræðu á næsta fundi bæjarstjórnar.

Guðjón Pétur Lýðsson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Björg Fengler, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Valborg Ösp Á Warén, tók til máls og lýsti ánægju með samkomulagið.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, sem undirritað var af fulltrúum sveitarfélaganna 26. september sl., til síðari umræðu í bæjarstjórn, sbr. 3. tl. 1. mgr. 14. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar.

Forseti óskaði Guðjóni Pétri Lýðssyni til hamingju með jómfrúarræðu í bæjarstjórn Garðabæjar en Guðjón Pétur situr sinn fyrsta bæjarstjórnarfund.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 3. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Guðjón Pétur Lýðsson, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
38. (1899). fundur 2019

Priðjudaginn 8. október 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1910006 - Skýrsla persónuverndarfulltrúa 2019.

Á fund bæjarráð mætti Telma Halldórsdóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi. Telma gerði grein fyrir helstu atriðum í skýrslu persónuverndarfulltrúa fyrir tímabilið 01.09.2018.-31.08.2019. Í skýrslunni er lýsing á innleiðingu samkvæmt nýjum lögum um persónuvernd ásamt yfirliti um stöðu mála hjá Garðabæ.

2. 1909344 - Eikarás 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðrínu Magneu Árnadóttur, kt. 110683-4059, leyfi fyrir stækkun og breytingum á núverandi húsi að Eikarási 1.

3. 1709349 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Reynilundi 11.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Reynilundi 11 um byggingarleyfi. Umsókn um byggingarleyfi hefur verið grenndarkynnt og bærust athugasemdir þar sem umsókninni var mótmælt.

4. 1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 8 (áður 10).

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna gustlokunar svala hússins að Hraungötu 8. Umsóknin var grenndarkynnt og bærust athugasemdir þar sem umsókninni var mótmælt. Þá liggur fyrir neikvæð afstaða skipulagshönnuða.

5. 1907203 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um breytingu á bifreiðastæðum við Nýhöfn 1-3.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna erindi húsfélagsins að Nýhöfn 1-5 um breytingar á bílastæðum.

6. 1907004 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 15-19.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Hraungötu 15-19 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

- 7. 1908434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fjölbýlishúss við Hraungötu 2-6.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að sorpgeymslur verði staðsettar við lóðarmörk raðhúsaloðanna við Hraungötu 2-6 en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 8. 1710083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi heiti á götu á Stórásreit.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að heiti götu á Stórásreit verði Eskiás.
- 9. 1504148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Lundahverfi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi Lundahverfis, samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.
- 10. 1910052 - Bréf UMF Stjörnunnar um endurnýjun á ljósabúnaði o.fl. á Stjörnuvelli, dags. 30.09.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþróttá- og tómstundaráði og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- 11. 1910051 - Bréf UMF Stjörnunnar um vökvunarkerfi á Stjörnuvöll, dags. 30.09.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþróttá- og tómstundaráði og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- 12. 1910050 - Bréf UMF Stjörnunnar um breytingar á Stjörnutorgi, dags. 30.09.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþróttá- og tómstundaráði og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- 13. 1910049 - Bréf UMF Stjörnunnar um að Íþróttahúsið við Ásgarð verði keppnishöll félagsins, dags. 30.09.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþróttá- og tómstundaráði og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- 14. 1910001 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um birtingu frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum í samráðsgátt, dags. 23.09.19.**
Lögð fram.
- 15. 1910007 - Bréf Skógarmanna KFUM varðandi styrk til framkvæmda í Vatnaskógi, dags. 30.09.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- 16. 1910018 - Leiðbeinandi álit Sambands ísl. sveitarfélaga um tvöfalda skólavist barna í leik- og grunnskólum, dags. 01.10.19.**
Lagt fram og vísað til kynningar í skólanefnd grunnskóla, leikskólanefnd og fjölskylduráði.

17. 1906300 - Bréf Þjóðskrár Íslands um leiðrétt fasteignamat 2020 fyrir fjölbýli, dags. 30.09.19.
Lagt fram.
18. 1910073 - Bréf Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu um styrk, dags. 30.09.19.
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
19. 1910075 - Bréf Samveru og súpu um styrk, ódags.
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
20. 1910076 - Bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar um framlag og ársreikning, dags. 01.10.19.
Lagt fram.
21. 1910078 - Bréf heilbrigðiseftirlitsins varðandi fjárhagsáætlun 2020, dags. 03.10.19.
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
22. 1910079 - Bréf (afrit) Sambands ísl. sveitarfélaga til félagsmálaráðuneytis varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna NPA samninga, dags. 02.10.19..
Lagt fram.
23. 1909441 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum, 16. mál., dags. 27.09.19.
Lagt fram.
24. 1910087 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
25. 1910010 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi í Unnarbrunni.
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 8. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
39. (1900). fundur 2019

Þriðjudaginn 15. október 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1711209 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi minjagarð að Hofsstöðum.**
Á fund bæjarráðs mætti Hringur Hafsteinsson, starfsmaður Gagarín og kynnti nánar greinargerð og frumkostnaðáætlun um endurhönnun vegna uppbyggingar á minjagarði o.fl. við Hofstaði.
- 2. 1909291 - Golfklúbbur GKG - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar, kt. 650394-2089 leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi íþróttamiðstöð GKG.
- 3. 1906157 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi styrk til leiksýningar.**
Lögð fram til kynningar samþykkt menningar- og safnanefndar um að veita Verðanda - leikfélagi FG styrk að fjárhæð kr. 300.000.
- 4. 1901302 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi styrk til stuðnings við vefsíðugerð, skráningu upplýsinga o.fl.**
Lögð fram til kynningar samþykkt menningar- og safnanefndar um að veita Félagi áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla styrk að fjárhæð kr. 325.000.
- 5. 1910116 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi í Urðarbrunni.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðni leyfi verði veitt.
- 6. 1905355 - Bréf Bocciu-hóps varðandi þakkir fyrir styrk vegna þátttöku á Landsmót UMFÍ 2019, dags. 02.10.19.**
Lagt fram.
- 7. 1910117 - Bréf Vegagerðarinnar um yfirfærslu Vífilsstaðavegar, Elliðavatnsvegar, Arnarnesvegar til Garðabæjar, dags. 07.10.19.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu og benda á að skilyrði fyrir yfirfærslu vega til sveitarfélaga er að fram hafi farið ástandsmat og kostnaðargreining sem geti verið grundvöllur samkomulags aðila um uppgjör.
- 8. 1910154 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg um tillögu að breytingu á aðalskipulag Reykjavíkur - færsla Korpulínu, dags. 07.10.19.**
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

9. **1504148 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag Lundahverfis, dags. 03.10.19.**
Bréfið tekið til umræðu.

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá fundi 8. okt. sl. hefur verið lagt til við bæjarstjórn að samþykkja að tillaga að deiliskipulagi Lundahverfis verði auglýst að nýju.

10. **1910181 - Bréf Félags eldri borgara varðandi styrk vegna leikfimi eldri borgara, dags. 09.10.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

11. **1910165 - Gjöf á jólatré frá vinabænum Asker.**

Bæjarstjóri upplýsti að haft hafi verið samband við yfirvöld í Asker og samkomulag verið gert um að ekki komi framvegis til afhendingar á jólatré sem vinabæjargjöf. Er samkomulagið gert í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og óæskilegum umhverfisáhrifum vegna flutnings jólatrésins.

12. **1910176 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 35. mál., dags. 11.10.19.**

Lagt fram.

13. **1910174 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum., 41. mál., dags. 11.10.19.**

Lagt fram.

14. **1910155 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar), 53. mál., dags. 10.10.19.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 15. október 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

8. fundur 2019

Miðvikudaginn 25. september 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Eymundur Sveinn Einarsson varamaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng

Mál nr. 1812061 lagt fram til kynningar. Farið yfir ákvörðun þess efnis að allt nefndarfólk hjá Garðabæ stofni sérstakt Garðabæjar netfang í gegnum Minn Garðabæ og nefndarfólk hvatt til þess að virkja netfangið sem fyrst.

2. 1908401 - Umsókn um fjárhagsaðstoð - Tannlæknastyrkur

Málskot til fjölskylduráðs Garðabæjar vegna ákvörðunar afgreiðslufundar um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, samþykkt/synjað. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. 1906199 - Umsókn um tryggingu v/leiguhúsnæðis

Málskot til fjölskylduráðs Garðabæjar vegna ákvörðunar afgreiðslufundar um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. 1908188 - Umsókn um námsstyrk

Umsókn um námstyrk lögð fyrir fjölskylduráð Garðabæjar. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Samþykkt að veita námsstyrk. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

5. 1909205 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2019-2022

Tímalína vegna vinnslu jafnréttisáætlunar lögð fyrir fjölskylduráð. Kallað hefur verið eftir áherslum frá sviðsstjórum Garðabæjar vegna þeirra málaflokka sem þeir stýra. Áætlað er að lokadrög jafnréttisáætlunar verði lögð fyrir fund bæjarráðs þann 5.nóvember nk.

6. 1909231 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Málskot til fjölskylduráðs Garðabæjar vegna ákvörðunar afgreiðslufundar um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

7. 1909189 - Öryggi og vellíðan barna og ungmenna.

Fjallað um erindi Garðabæjarlistans um öryggi og vellíðan barna og viðbrögð í samfélaginu þegar endurtekin óæskileg hegðun ungmenna gerir vart við sig. Þegar rætt er um viðbragðsaðgerðir er mikilvægt að þær byggi á samtali milli foreldra, skólasamfélagsins, fjölskyldusviðs og annara sem

koma að umönnun og velferð barna. Tryggja þarf fræðslu til barna um afleiðingar andfélagslegrar hegðunar fyrir þau sjálf og umhverfið. Þegar upp hafa komið mál af þessu tagi þá er brugðist við með ákveðnum hætti og leiðir fundnar í samtali og samvinnu. Fjölskyldusvið Garðabæjar bíður upp á foreldrafærninámskeið þar sem foreldrar fá hjálfun í notkun gagnreyndra verkfæra til að draga úr óæskilegri hegðun barna sinna. Forvirkar aðgerðir sem miða að því að efla foreldra enn frekar í hlutverki sínu hefur öflugt forspárgildi fyrir öryggi og vellíðan barna.

8. 1908280 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Málskot til fjölskylduráðs Garðabæjar vegna ákvörðunar afgreiðslufundar um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar
9. fundur 2019

Miðvikudaginn 2. október 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1903409 - Öldrunar- og heimaþjónusta í Garðabæ kynning

Svanhildur Þengilsdóttir fór yfir þá stuðnings- og öldrunarþjónustu sem verið er að veita í Garðabæ, stöðu aðgerðaráætlunar í málefnum eldri borgara og tækifærum í notkun velferðartæknilausna í þjónustunni.

2. 1909205 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2019-2022

Drög að jafnréttis- og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2019-2022 lögð fram til umræðu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
15. fundur 2019

Föstudaginn 4. október 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri var gestur fundarins undir þessum lið og fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2020.

Farið var yfir ferli við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2020. Leitað verður eftir ábendingum íbúa eins og fyrri ár þar sem þeir geta sent inn ábendingar í gegnum vef Garðabæjar.

2. 1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun

Hringur Hafsteinsson frá fyrirtækinu Gagarín var gestur fundarins undir þessum lið. Fyrirtækið Gagarín hefur unnið tillögu að svokölluðum hönnunarfasa í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum sem var kynnt fyrir nefndarmönnum á síðasta og þarsíðasta fundi. Hringur kynnti frumkostnaðaráætlun Gagarín í tengslum við greinargerðina/hugmyndaskjalið um Hofsstaði.

Umræður voru um málið og samþykkt að vísa greinargerð og frumkostnaðaráætlun Gagarín til kynningar í bæjarráði.

3. 1906157 - Beiðni um styrk vegna leiksýningar

Á síðasta fundi var erindi leikfélagsins Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ tekið fyrir þar sem tekið var jákvætt í erindið en óskað eftir nánari upplýsingum.

Leikfélagið Verðandi óskar eftir styrk vegna uppsetningar á söngleiknum REIMT eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og Karl Ágúst Úlfsson í leikstjórn hins síðarnefnda. Frumsýning verksins er í byrjun mars á næsta ári.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að veita 300 þús kr styrk til uppsetningar á sýningunni sem verður nýttur til að bjóða nemendum úr 10. bekk í Garðabæ á sýninguna. Útfærsla á boðinu verður í samráði við skóla bæjarins og leikfélagið Verðandi.

4. 1901302 - Beiðni um stuðning við fræðslufund, vefsíðugerð o.fl.

Bréf Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla, dags. 25. september 2019, um styrkbeiðni vegna fræðslufundar, vefsíðugerðar og varðveislu gagna lagt fram. Erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs 1. október sl. og vísað til umfjöllunar menningar- og safnanefndar og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð 325 000 kr fyrir árlegan fræðslufund 26. október nk. og varðveislu gagna er tengjast sögu félagsins.

5. 1909071 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2019

Greint var frá því að hljómsveitin Dikta ætlar að koma fram í hinni árlegu Tónlistarveislu í skammdeginu sem verður haldin fimmtudagskvöldið 14. nóvember nk. á Garðatorgi. Hljómsveitin heldur í ár upp á 20 ára starfsafmæli sitt.

Farið var yfir hvernig staðið hefur verið að kynningu og hvernig umgjörð kvöldsins hefur verið á undanförunum árum.

6. 1910042 - Sameiginlegur fundur menningar- og safnanefndar og stjórnar Tónlistarskóla Garðabæjar

Stefnt er að því að halda sameiginlegan fund menningar- og safnanefndar með stjórn Tónlistarskóla Garðabæjar síðar á haustönn. Rætt var um málefni sem ætti að taka fyrir á þeim fundi.

7. 1909069 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020

Vel tókst til með lýðheilsugöngur Garðabæjar sem voru haldnar í september. Mæting var góð og sérstaklega í göngu sem farin var 25. september sl. Þegar gengið var um Garðahverfi með viðkomu í Króki.

Greint var frá fjölmörgum viðburðum sem hafa verið í Bókasafni Garðabæjar í september og sagt frá viðburðum sem eru framundan á haustönn í safninu.

Bjarni Bjarnason bæjarlistamaður Garðabæjar var gestur leshrings bókasafnsins í september og nánar verður skoðað með hvaða hætti bæjarlistamaður getur tekið þátt í viðburðum á vegum safnsins og menningar- og safnanefndar næsta árið.

Gert er ráð fyrir að tendra ljósín á jólatrénu á Garðatorgi laugardaginn 30. nóvember nk., daginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
14. fundur 2019

Föstudaginn 4. október 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1906092 - Götulýsing í Garðabæ

Guðjón L.Sigurðsson hjá ráðgjafarstofunni LISKA kynnti stöðu utanhúslýsingar og þau sjónarmið, lausnir og kosti sem hafa verið til umfjöllunar undanfarin ár og með hvaða hætti taka mætti á utnahúslýsingu í skipulagi. Málinu vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði. Skipulagsnefnd mælir með því að málið verði kynnt almenningi með einhverjum hætti t.d. á íbúafundi sem stefnt er að í sambandi við mótun umferðaröryggisáætlunar.

2. 1709349 - Reynilundur 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við enda bílageymslu að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 1.mgr.44.gr.skipulagslaga. Lagðar fram athugasemdir sem borist hafa en þar mótmælir eigandi að Reynilundi nr.17 sem er hús í sömu raðhúslengju tillögunni. Eigandinn er um leið arkitekt raðhúsalengjunnar.

Lögð fram húsakönnun sem unnin hefur verið í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir Lundahverfi þar sem fram kemur að varðveislugildi raðhúsalengjunnar er metið hátt og lagt til að raðhúsalengjan hljóti sértaka vernd fyrir vikið.

Skipulagsnefnd mælir gegn því að grenndarkynnt byggingarleyfi verði veitt með vísan í hátt varðveislugildi raðhúsalengjunnar.

Skipulagsstjóri vék af fundi undir þessum lið.

3. 1804199 - Blikanes 14 - DSK breyting - stækkun á byggingarreit

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til vesturs fyrir viðbyggingu við bílageymslu á neðri hæð hússins.

Lagðar fram athugasemdir sem borist hafa. Málinu vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

Skipulagsstjóri vék af fundi undir þessum lið.

4. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lagðar fram hugmyndir sem hafa verið unnar á vegum umsækjanda um útfærslu sem

kemur til móts við athugasemdir. Skipulagsstjóra falið að funda með þeim sem athugasemdir gerðu og kynna fyrir þeim hugmyndirnar.

5. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir sólskála á svölum 2.hæðar. Innsendar athugasemdir lagðar fram ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Með vísan í innsendar athugasemdir og umsögn deiliskipulagshöfundar er tillögunni hafnað.

6. 1811323 - Smáraflöt 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir viðbyggingu framan við núverandi bílageymslu. Veggur á lóðarmörkum verður því rúmur 17 metrar en samkvæmt deiliskipulagi skal veggur á lóðarmörkum ekki vera lengri en 7,5 m.

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

7. 1907203 - Nýhöfn 1-5, breyting á bílastæðum

Erindi húsfélags Nýhafnar 1-3 og 5 lögð fram þar sem óskað er eftir afstöðu skipulagsnefndar til tillögu að breytingu á fyrirkomulagi bílastæða.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir því að stór hluti bílastæða verði skilgreindur sem einkastæði samkvæmt tillögunni myndi það m.a. kalla á stækkun lóðar. Skipulagsnefnd telur að tillagan sé í miklu ósamræmi við skipulag bílastæða í Sjúalandi og mælir ekki með því að deiliskipulaginu sér breytt hvað þetta varðar.

8. 1907004 - Hraungata 15-19, deiliskipulagsbreyting. Austurhluti 1.

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að íbúðum verði fjölgað um 4 og fyrirkomulagi bílastæða breytt til að koma nægjanlegum fjölda bílastæða fyrir á lóð. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfunda sem mælir ekki með tillögunni eins og hún er útfærð. Þó að koma megi auknu magni íbúða fyrir á lóð án aukins byggingarmagns þá eru lóðirnar seldar miðað við ákveðið byggingarmagn og ákveðin fjöldi íbúða og því má telja eðlilegt er að þeir sem kaupa slíkar lóðir haldi sig innan þessara heimilda. Enda telur skipulagsnefnd slíkt skipta miklu með tilliti til uppbyggingar samgangna, skóla og leikskóla í hverfinu. Eins þarf hlutfall á milli stærða íbúða að haldast. Með vísan í ofangreind atriði og umsögn deiliskipulagshöfundar er tillögunni hafnað.

9. 1908434 - Hraungata 2-6 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir raðhúslengjuna Hraungata 2-6. Umsögn deiliskipulagshöfundar lagt fram. Hæðarlega og lögun lóðar er erfið og umsókn gerir ráð fyrir staðsetningu sorpgeymslu við lóðarmörk að götu. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis sé vikið frá kröfum

2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 sbr.3.mgr.sömu greinar þar sem um óverulegt frávik er að ræða enda vandséð hvernig leysa má málið með öðrum hætti.

Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

10. 1710083 - Lyngásvæði, deiliskipulag L1 og L2

Skipulagsnefnd samþykkir heitið "Eskiás" fyrir götuna sem í samþykktu deiliskipulagi er nefnd "Nýgata".

Í rökstuðning með tillögunni er bent á að örnefnið Eskines er til í nágrenni við Ásahverfi og að engin gata ber sama heiti í fasteignaskráningu á landsvísu.

11. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun

Staða málsins kynnt.

12. 1909418 - Minningagarðar

Lagt fram

13. 1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Lundahverfis ásamt húsakönnun, fornleifaskráningu og umsögn Minjastofnunar.

Deiliskipulagið hefur hlotið auglýsingar ferli og verið samþykkt í bæjastjórn í nóvember á síðasta ári. Þá lág fyrir ófullgerð húsakönnun sem að mati skipulagsnefndar ekki kallaði á breytingar á deiliskipulaginu.

Síðan hefur húsakönnun verið unnin til fullnustu í samráði við Minjastofnun. Niðurstaða húsakönnunarinnar er sú að lögð er til vernd á húsunum Einilundur 10, Gígjulundur 7 og Reynilundur 11-17 enda hafa þau hús hlotið hæstu einkun í varðveislumati.

Skipulagsnefnd telur að ekki sé æskilegt að setja ákvæði um hverfisvernd einstakra eigna í deiliskipulagi nema að undangenginni stefnumótun þar sem tekin er afstaða til samráðs við eigendur og til samspils þeirrar verndar við aðalskipulag.

Skipulagsnefnd vísar því til tækni-og umhverfissviðs að móta stefnum um húsvernd í deiliskipulagi og aðalskipulagi.

Bæta skal við eftirfarandi umfjöllun í fyrsta kafla í deiliskipulagsgreinargerðar.

1.8. Húsvernd. Niðurstaða húsakönnunar er sú að lögð er til vernd á húsunum Einilundur 10, Gígjulundur 7 og Reynilundur 11-17 enda hafa þau hús hlotið hæstu einkun í varðveislumati. Í þessu deiliskipulagi eru ekki sett ákvæði um hverfisvernd eða aðrar ráðstafanir umfram það varðveislumat sem kemur fram í húsakönnun. Skoðað verður sérstaklega hvernig standa meggi að húsvernd í framhaldi af niðurstöðu húsakannanna í grónum hverfum í Garðabæ og ef ástæða þykir til að leggja á hverfisvernd í deiliskipulagi verður það gert með sérstakri deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindri breytingu í auglýsingu í samræmi við 1.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Við gildistöku deiliskipulagsins mun deiliskipulag Púttvallar við Vífilsstaðaveg sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr.603/2005 falla úr gildi. Ákvæði þess deiliskipulags hafa verið felld óbreytt inn í deiliskipulagstillögu Lundahverfis.

14. 1909031F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 8

14.1 1907097 - Asparlundur 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir breytingun á íbúðarhúsinu að Asparlundi 10 að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 1.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Breytingar eru í samræmi við samþykkt deiliskipulag sem hefur ekki ennþá tekið gildi. Engar athugasemdir hafa borist.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt í samræmi við grenndarkynnt gögn.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

14.2 1908494 - Heiðarlundur 15, viðbygging

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

Heiðarlundi 15 sem vísað var til grenndarkynningar í samræmi við

1.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 þar sem að samþykkt deiliskipulag hefur ekki ennþá tekið gildi. Tillagan gerir ráð fyrir að bygging fari lítillaga út fyrir byggingarreit að framanverðu.

Grenndarkynning náði til eigenda íbúðarhúsanna að Heiðarlundi nr. 17, 8, 11 og 13.

Eigendur hafa með áritun sinni staðfest að þeir geri ekki athugasemdir við tillöguna.

Með vísan í 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt í samræmi við grenndarkynnt gögn.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

14.3 1906181 - Jafnakur 8 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

14.4 1906067 - Þrastanes 10 Breyting á lofthæð - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

14.5 1908366 - Holtsbúð 37 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir breytingum á íbúðarhúsi sem er í samræmi við deiliskipulag að öðru leyti en því að bílageymslu hluti fer um 20 cm út fyrir byggingarreit inn að miðju lóðar.

Þar sem hér er um óverulegt frávik að ræða gerir skipulagsstjóri ekki athugasem við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

14.6 1909297 - Sveinskotsvör - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

Lögð fram fyrirspurn um tillögu að deiliskipulagsbreytingu þar sem gert er ráð fyrir að bygging fari lítillaga út fyrir byggingarreit í átt að fyrirhuguðum húsum við Litlubæjarvör. Svar: Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi sem yrði vísað til grenndarkynningar. Grenndarkynna þarf eigendum við Sveinskotsvör nr.3 og 8, Bjarnastaðavör 2og 4 og Litlubæjarvör nr.20 21, 22, 23.

14.7 1903120 - Álftaneskaffi - stækkun - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir stækkun á eldhúshluta veitingahússins Álfteneskaffi að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 1.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Lagt fram erindi Íslandsbanka þar sem fram kemur að bankinn sem landeigandi í Breiðumýri geri ekki athugasemd við stækkunina. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt í samræmi við grenndarkynnt gögn. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
13. fundur 2019

Föstudaginn 11. október 2019 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra og Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, kynnti vinnuferla við gerð fjárhagsáætlunar, stöðu vinnunnar og næstu skref.

2. 1910018 - Tvöföld skólavist barns í leik eða grunnskóla

Lagt fram til kynningar

3. 1906385 - Ársskýrslur grunnskóla 2018-2019

Ársskýrslur grunnskóla lagðar fram til kynningar. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með fjölbreytilegt og metnaðarfullt skólastarf sem endurspeglast í ársskýrslum skólanna.

4. 1910130 - Öryggismál í grunnskólum Garðabæjar

Rætt um öryggismál í grunnskólum bæjarins

5. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og

Eiríkur Björn, forstöðumaður fræðslu og menningarsviðs, kynnti vinnu stýrihóps varðandi innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

6. 1909244 - Tillaga Garðabæjarlistans um að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut og ávexti/grænmeti í nestistíma í grunnskólum bæjarins.

Skóladeild falið að skoða málið í samvinnu við Skólamat og skólastjórnendur í Garðabæ.

7. 1908518 - Menntadagur í Garðabæ 2019

Kynning á Menntadegi sem fram fer 25. október nk.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
20. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, Hamraborg 9
mánudaginn 7. október 2019, kl. 10:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs., Guðmundur Tryggvi Ólafsson SORPU bs., og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

- 1. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2020, yfirferð í samræmi við ákvæði í grein 5.2.5 í eigendastefnu byggðasamlagsins.**

Framhald frá eigendafundi 2.september sl. en þar var eftirfarandi bókað.

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

Bls. 1 af 2



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Formaður og framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í tillögu að rekstraráætlun byggðasamlagsins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

2. Heildarlausn í úrgangsmálum / málsnr. 1908010

Tillögur starfshóps er varða heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðin. Gestur fundarins undir þessum dagskrárlið er Páll Guðjónsson, verkefnastjóri starfshópsins. Horft hefur verið á fyrstu skref verkefnisins með eftirfarandi hætti:

- Mótun samkomulags sorpsamlaga um samstarf og verkaskiptingu við meðhöndlun og móttöku úrgangs og mótun aðgerðaráætlunar í sameiginlega svæðisáætlun.
- Leit að nýjum urðunarstað fyrir óvirkan úrgang.
- Mótun samstarfsvettvangs vegna aðgerða til að draga úr myndun úrgangs og sótsþors.

Farið yfir tillögur að fyrstu aðgerðum.

- Samstarf sorpsamlaganna og sameiginleg svæðisáætlun. (Verkefni 1).
- Nýr urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang (Verkefni 2).
- Minnkun á myndun úrgangs og minnkun sótsþors (Verkefni 3).

Samhliða liggur fyrir verk-, tíma- og kostnaðaráætlun.

Umræður.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur samþykkir tillögu að verk-, tíma- og kostnaðaráætlun eins og hún liggur fyrir og felur verkefnahópi að starfa áfram og hafa umsjón með verkefninu. Eigendavettvangur og stjórn Sorpu verður upplýstur reglulega um framvindu verkefnisins. Umsýsla vegna kostnaðar sem fellur til á verkefnið skv. fyrirliggjandi áætlun er falið Sorpu bs. og verkefnastjórn verður áfram í höndum Páls Guðjónssonar viðskiptafræðings.

Stjórn SSH er falið að útfæra þriðja lið skýrslunnar er varðar minnkun á myndun úrgangs og minnkun sótsþors frekar og setja í farveg í samráði við verkefnahóp.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:47

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

Þorgerður Hauksdóttir

Þorgerður Hauksdóttir
Jóna Hauksdóttir
1. Birtur Jón Jónsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
20. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, Hamraborg 9
mánudaginn 7. október 2019, kl. 09:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnessbæ.
Hjálmar Sveinsson, Reykjavík.
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

- 1. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2020, yfirferð i samræmi við ákvæði í grein 5.2.5 í eigendastefnu byggðasamlagsins.**

Áframhaldandi yfirferð og afgreiðsla vegna fjárhagsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2020, sbr. samþykkt eigendafundar 2. september 2019.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins fóru yfir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar sem mótuð var í framhaldi af yfirferð og umræðum á eigendafundi 2. september 2019.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður

Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020, og hún verði tekin til umræðu og afgreiðslu á næsta eigendafundi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:55.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

[Handwritten signature]

Helga Fuglisdóttir
Hjalmar Guðmundsson

Björg Fróey
Kaia E. Hallgrímsson
Sigrún E. Jónsdóttir

Þryggvinnur
[Handwritten signature]

Þorgerður Halldórsdóttir
Arnar E. Ólafsson

[Handwritten signature]

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, þriðjudaginn 1. október var haldinn 377. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 09:05.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Arna Hagalínsdóttir varamaður fyrir Rúnar Braga Guðlaugsson Mosfellsbæ, Sigrún Edda Jónsdóttir varamaður fyrir Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:


1. Lagt fram bréf borgarráðs dags. 22. ágúst sl. þar sem fram kemur að Diljá Ámundadóttir taki sæti í samstarfsnefnd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í stað Gunnlaugs Braga Björnssonar.
2. Fram fer kynning á fjárhagsáætlun skíðasvæðanna 2020. Samþykkt samhljóða. Fulltrúar samstarfsnefndarinnar þakka yfirferð yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir árið 2020. Þær voru samþykktar einróma. Fulltrúar leggja áherslu á að mikilvægt er að framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og fjármálastjóri ÍTR fari og fylgi þessu eftir inn á fundi SSH.
3. Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2020. Samþykkt samhljóða.
3. Lögð fram uppfærð 5 ára fjárfestingaráætlun
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. í dag um stöðuna í fjöllumunum.

Fundi slitið kl. 10:07.

Diljá Ámundadóttir

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltsted
Kristín María Thoroddsen

Sigrún Edda Jónsdóttir
Arna Hagalínsdóttir



Reykjavík, 20. september 2019
Fundargerð 184. fundar

Tilvísun: 1905064

Föstudaginn 20. september var haldinn 184. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Haraldur Sverrisson og Ármanns Kr. Ólafsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson vara-slökkviliðsstjóri.

Ellisif Tinna Víðisdóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Harpa Ólafsdóttir frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun SHS, fyrri umræða

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun SHS 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað, Fjárhagsáætlun SHS 2020, fyrri umræða. Dags 10.09.19

Afgreiðsla: Frestað.

2. Erindi frá Sorpu

Erindi frá Sorpu varðandi notkun á metani.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá Sorpu um notkun á metani. Dags 19.08.19

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóri falið að svara erindi Sorpu.

3. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar

Slökkviliðsstjóri óskaði eftir því að stjórn legði til dagsetningu fyrir aðalfund SHS 2019.

Afgreiðsla: Frestað.

4. Önnur mál


Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:10


Næsti fundur verður föstudaginn 18. október 2019.

Fylgiskjöl:


- Minnisblað, Fjárhagsáætlun SHS 2020, fyrri umræða. Dags 10.09.19
- Bréf frá Sorpu um notkun á metani. Dags. 19.08.19




Dagur B. Eggertsson




Ármann Kr. Ólafsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Áslaug Hulda Jónsdóttir



Haraldur Sverrisson



Agúst Bjarni Garðarsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

414. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 07.10.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Líf Magneudóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2020 - 2024

Stjórn ræðir drög að rekstraráætlun sem fram var lögð á síðasta stjórnarfundum (vinnugögn). Drög að minnisblaði framkvæmdastjóra um hugsanlega stækkun/breytingu á endurvinnslustöðinni í Jafnaseli rædd. Málið rætt.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 1. nóvember 2019 kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 08:45

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson
Jóna Sæmundsdóttir
Ágúst Bjarni Garðarsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Björn H. Halldórsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Bjarni Hjarðar

Íslenska ríkið (ríkið) annars vegar og Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær (sveitarfélögin) hins vegar gera með sér svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033.

1 Forsendur

Samkomulag þetta byggir á viljayfirlýsingu ríkisins og samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) frá 21. september 2018 og skýrslu verkefnishóps um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 frá nóvember 2018 (fylgiskjöl 1 og 2). Þá er einnig vísað til gildandi svæðisskipulags SSH og aðalskipulags einstakra sveitarfélaga, gildandi samgönguáætlunar og verkefnalýsingar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mun gera tillögur til Alþingis í samræmi við samkomulag þetta í tillögu að samgönguáætlun í október 2019 og verður fjallað um hana á vettvangi Alþingis í samræmi við lög um samgönguáætlun. Í 5. gr. samkomulagsins eru tilgreindar sérstaklega þær framkvæmdir sem flýtt verður.


2 Markmið

Markmið samkomulags þessa er að stuðla að auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með uppbyggingu skilvirkra, hagkvæmra, öruggra og umhverfisvænna samgönguinnviða. Með þessu markmiði er stefnt að eftirfarandi:

- Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta. Leita skal leiða til að dreifa umferðarálagi með markvissum hætti og bæta þannig nýtingu innviða.
- Að stuðla að því að loftslagsmarkmiðum stjórnvalda um sjálfbært, kolefnislaust borgarsamfélag verði náð með eflingu almenningsamgangna, deilihagkerfis í samgöngum og bættum innviðum fyrir aðra vistvæna samgöngumáta og auk þess að hvetja til breyttra ferðavenja og orkuskipta.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi með það að markmiði að draga stórlega úr umferðarslysum.
- Að tryggja skilvirka framkvæmd höfuðborgarpakkans og trausta umgjörð verkefnisins, m.a. með því að skilgreina samstarfsform, kostnaðarskiptingu, ábyrgð á tilteknum aðgerðum og fjármögnunarleiðir. Með höfuðborgarpakkanum er átt við uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, sbr. framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka 1.

Yfir stendur endurskoðun á tekjustofnum ríkisins vegna ökutækja og eldsneytis vegna orkuskipta. Hluti þeirrar vinnu verður að breyta gjaldtöku með þeim hætti að í ríkari mæli verði treyst á gjöld af umferð. Í þessu samkomulagi er gert ráð fyrir að félag aðila, sbr. 6. gr., innheimti svonefnd flýti- og umferðargjöld eftir því sem þörf krefur til þess að ná fram markmiðum og fjármögnun samkomulags þessa, sem væru liður í breyttri gjaldtöku ríkisins. Önnur fjármögnun félagsins gæti verið í formi sérstakra ríkisframlaga eða hlutdeildar í öðrum tekjustofnum tengdum samgöngum, enda raskist ekki fjármögnun samkomulagsins við þá breytingu, sbr. 3. gr.

Það er markmið ríkisins að flýti- og umferðargjöld byggi á þeim sanngirnissjónarmiðum að sama gildi um aðrar umbætur á samgöngukerfum annars staðar á landinu. Tillaga að nýrri samgönguáætlun mun gera ráð fyrir breyttri gjaldtöku vegna uppbyggingar samgönguinnviða um land allt sem byggist á því að álögur verði ekki umfram almennan ávinning notenda af hraðari uppbyggingu öflugra samgöngukerfis.



3 Verkefnið og fjármögnun þess

Til að ná framangreindum markmiðum og byggt á gefnum forsendum er sameiginlegur skilningur aðila þessi:

Framkvæmda- og fjárstreymisáætlun (viðauki 1) gerir ráð fyrir að heildarfjármögnun höfuðborgarpakkans, þ.e. uppbyggingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, verði 120 ma.kr. á verðlagi ársins 2019, sem skiptist þannig milli ríkis, sveitarfélaga og flýti- og umferðargjalda:

- a. Samkvæmt tillögu að nýrri samgönguáætlun verður beint framlag ríkisins 2 ma.kr. á ári í 15 ár, þ.e. til og með ársins 2033.
- b. Félag aðila, sbr. 6. gr. samkomulagsins, annast þróun og sölu ríkislands að Keldum. Allur ábati ríkisins af þróun og sölu Keldnalandis mun óskertur renna til verkefnisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samkomulagi þessu. Ef ábatinn verður minni en 15 ma.kr. á samningstímanum mun ríkið tryggja að lágmarki 15 ma.kr. fyrir lok samningstímans. Ef ábatinn verður meiri mun það fé sem er umfram 15 ma.kr. renna til verkefnisins til viðbótar við önnur framlög skv. samkomulagi þessu eða til lækkunar flýti- og umferðargjalda samkvæmt nánara samkomulagi. Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að háværkun virðis landsins og jafnframt að hraða skipulagningu þess eins og kostur er.
- c. Þannig verður heildarframlag ríkisins skv. a- og b-lið að lágmarki 45 ma.kr. á tímabilinu.
- d. Beint framlag sveitarfélaganna verður 1 ma.kr. á ári eða 15 ma.kr. á tímabilinu, þ.e. til og með ársins 2033. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skipta með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan.
- e. Framlög ríkis og sveitarfélaganna skv. samningi Vegagerðarinnar og SSH frá 20. júní 2019, sbr. fylgiskjal 3, eru fjármögnuð með samkomulagi þessu.
- f. Flýti- og umferðargjöld vegna þessa verkefnis, að fjárhæð um 60 (nettó) ma.kr, verða skilgreind og innheimt til að ná fram framangreindum markmiðum. Er flýti- og umferðargjöldum ætlað að standa straum af stofnframkvæmdum, fjármögnun og afleiddum kostnaði s.s. fjármagnskostnaði, rekstri umferðargjaldakerfisins og félagsins, sbr. 6. gr. samkomulagsins. Jafnframt er flýti- og umferðargjöldum ætlað að standa undir skuldbindingum sem eftir kunna að standa við árslok 2033. Flýti- og umferðargjöldin verði útfærð þannig að um leið og þau tryggja nauðsynlega fjármögnun muni þau stuðla að markmiðum samkomulagsins skv. 2. gr. en gert er ráð fyrir því að þau verði álögð allan gildistíma samkomulagsins. Aðrir fjármögnunarkostir ríkisins verða jafnframt skoðaðir samhliða orkuskiptum og endurskoðun skattlagningar á ökutæki og eldsneyti, enda raski það ekki fjármögnun framkvæmdaáætlunar samkomulagsins sbr. þessi grein og viðauki 1.
- g. Félag aðila skv. 6. gr. samkomulagsins fær heimildir til lántöku sem nema árlegum mismuni framlaga og fjárfestinga skv. framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka 1 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga sbr. 3 mgr. þessarar greinar. Tilhögun lántöku með tilliti til fjárhæða, lánstíma og fyrirkomulags afborgana skal hagað þannig að fjármagnskostnaður verði lágmarkaður.
- h. Endanleg fjármagnsskipan félagsins skal ákveðin að undangenginni sérstakri greiningu aðila samkomulagsins og skal stefnt að því að tekjur og skuldbindingar standist á.
- i. Raskist forsendur verkefnisins þannig að ekki verði unnt að fjármagna verkefni skv. framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka 1 skuldbinda aðilar samkomulagsins sig til taka upp viðræður eins fljótt og kostur er um hvernig við skuli brugðist þannig að tryggt verði að framkvæmdir verði unnar í samræmi við framkvæmdaáætlun. Skulu niðurstöður viðræðna liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir að þær hefjast.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the right and several smaller ones below it.

Bein framlög ríkis og sveitarfélaga og flýti- og umferðargjöld samkvæmt samkomulaginu taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags¹ í samgönguáætlun.

4 Flýti- og umferðargjöld

Forsenda samkomulagsins er að í samræmi við 3. gr. þess verði fest í lög heimild til álagningar flýti- og umferðargjalda eða önnur fjármögnun tryggð í tengslum við breytingar á opinberri álagningu á ökutæki og umferð. Með slíkum lagaákvæðum verði m.a. tryggt að álögð flýti- og umferðargjöld innan höfuðborgarsvæðisins renni til þeirra verkefna sem tilgreind eru framkvæmda- og fjárstreymisáætlun í viðauka 1. Sameiginlegur starfshópur samningsaðila semji drög að frumvarpi um flýti- og umferðargjöld. Í samræmi við forsendur um breytta gjaldtöku í samgönguáætlun verði einnig sett lög um gjaldtöku í öðrum landshlutum.

Aðilar eru sammála um að við nánari útfærslu á innheimtu flýti- og umferðargjalda verði allir mögulegir kostir skoðaðir með ítarlegum hætti til að tryggja að markmið og framgangur verkefna samkomulags þessa náist.

Gert er ráð fyrir að við útfærslu flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu verði horft til þess að hraða framkvæmdum, léttu á bílaumferð og draga úr útblæstri og mengun frá umferð, einkum á álagstímum, og stuðla þannig að því að loftslags- og loftgæðamarkmið ríkis og sveitarfélaga náist. Þá miði útfærslan að því að styðja við breyttar ferðavenjur til og frá vinnu á háannatímum. Nauðsynlegt er að greina heildarálögur á umferð þannig að álagning flýti- og umferðargjalda þjóni þeim markmiðum sem eru talin hér að ofan en verði um leið útfærð í samhengi við aðrar álögur þannig að hún verði með sem sanngjörnstum hætti. Flýti- og umferðargjaldatekjur fari í að fjármagna innviði allra samgöngumáta innan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við samkomulagið og verði ekki eyrnamerkta einstaka framkvæmdum. Jafnframt verði lögð áhersla á að flýti- og umferðargjöldin tengist með eins beinum og sýnilegum hætti og kostur er þeim ábata sem uppbyggingarverkefnið mun leiða til, sbr. flýti- og umferðarverkefnið í 5. gr. Er gert ráð fyrir að endanleg útfærsla flýti- og umferðargjalda, þ.e. frumvarp að lögum og önnur tengd atriði, verði lögð fyrir samningsaðila til umsagnar.

5 Flýting framkvæmda

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að leggja til grundvallar sameiginlegar niðurstöður aðila frá nóvember 2018 varðandi lykilframkvæmdir og forgangsröðun, sbr. 1. gr. Jafnframt eru aðilar sammála um að nýta tilkomu flýti- og umferðargjalda til að tryggja og flýta framkvæmdum við einstakar stofnbrautir, fyrsta áfanga Borgarlínu og uppbyggingu stofnstígakerfis göngu- og hjólreiða, umfram það sem áður var áformað. Þar að auki verði fyrir lok samningstímans hafist handa við annan áfanga Borgarlínu með tengingu við uppbyggingu á landi Keldna og tenginga við Mosfellsbæ. Í viðauka 1 er framkvæmda- og fjárstreymisáætlun verkefnisins.

Þá eru aðilar sammála að flýta eftirtöldum framkvæmdum:

- **Umferðarstýring:** Ráðist verður strax í markvissar aðgerðir til að nýta nýjar tæknilausnir og bæta umferðarljósakerfi á höfuðborgarsvæðinu í takt við markmið samkomulagsins.
- **Sæbrautarstokkur (Reykjanesbraut/Sæbraut – Holtavegur-Stekkjarkjarkví):** Tengist fyrsta áfanga Borgarlínu yfir Elliðavoga, bætir samgöngur í og við lykilstig í samgöngukerfinu, bætir flæði vöruflutninga við Sundahöfn og er ein forsenda hugmynda um Sundabraut.
- **Miklabraut – Stokkur við Snorrabraut:** Liður í að tengja Landspítala við Borgarlínu.
- **Arnarnesvegur – Rjúpnavegur-Breiðholtsbraut.**

¹ Lykilatriði er að framkvæmdakostnaður og tekjuflæði séu verðbætt með sama hætti.

Handwritten signatures and initials, including a large signature that appears to be 'D. Pálsson' and other initials, some with dates like '6.11.18' and '3'.

- **Borgarlína:** Hamraborg – Lindir.
- **Gatnamót við Bústaðaveg.**
- **Miklabraut – Stokkur frá Snorrabraut yfir Kringlumýrabraut.** Framhald af framkvæmdum austur yfir gatnamót Kringlumýrabrautar.
- **Reykjanesbraut – Álftanesvegur-Lækjargata.**
- **Hafnarfjarðarvegur - Stokkur í Garðabæ.**
- **Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland.** Til að vinna enn frekar að samningsmarkmiðum er mikilvægt að uppbygging Keldnalands og tenging Borgarlínu fari saman. Því er bætt við fyrri áform, sbr. 1. gr., að hafnar verði á samningstímanum Borgarlínuframkvæmdir um Keldnaland með áframhaldandi tengingu í gegnum Blikastaðaland til Mosfellsbæjar.

Við útfærslu verkefna framkvæmdaáætlunarinnar verður sérstaklega hugað að greiðri tengingu aðliggjandi stofnbrauta svo sem Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins.

Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga munu vinna að því að tryggja að skipulagsáætlanir þeirra séu í samræmi við framkvæmdaáætlun og vinna jafnframt að öðru leiti að því að tryggja framgang samkomulagsins.

Aðilar samkomulags þessa sammælast um að uppbygging innviða tengdum fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum þvert á sveitarfélagamörk fylgi samræmdum hönnunarviðmiðum.

6 Fyrirkomulag samstarfs

Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um sameiginlegt félag sem heldur utan um framkvæmdina samkvæmt samkomulaginu, þ.e. uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og fjármögnun hennar, sem m.a. inniheldur nauðsynlegar lántökuheimildir og heimildir til innheimtu flýti- og umferðargjalda innan höfuðborgarsvæðisins. Auk þess mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi sérstakt frumvarp til laga um álagningu flýti- og umferðargjalda innan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við ofanritað.

Félagið skal vera í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaganna sem aðild eiga að samkomulaginu. Vilji félagið gera breytingar sem rúmast ekki innan samkomulags þessa, s.s. breytingar á forgangsöröðun framkvæmda, er það háð samþykki ríkis og sveitarfélaganna, en SSH fer með eigendaumboð sveitarfélaganna í því samhengi. Tryggt skal að fullt samráð verði haft við sveitarfélögin við samningu frumvarps um félagið.

Verkefnisstofa Borgarlínu annast undirbúning verkefnisins fram að stofnun félagsins. Vegagerðin annast eftir sem áður hönnun, útboð og/eða framkvæmdir á stofnvegum á höfuðborgarsvæðinu, sbr. vegalög, nr. 80/2007, og lög um Vegagerðina, nr. 120/2012.

Aðalatriði vegna stofnunar félagsins eru:

- Félagið skal vera í sameiginlegri eigu ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Aðilar gera með sér samkomulag um skipan stjórnar og minnihlutavernd.
- Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd efni þessa samkomulags um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.
- Félagið taki við Keldnalandi og annist þróun þess með það að markmiði að hámarka verðmæti þess.
- Stjórn félagsins skal bera breytingar sem rúmast ekki innan samkomulagsins undir samningsaðila til samþykkis.

Handwritten signatures and initials are present at the bottom of the page, including a large signature on the right and several smaller ones below it.

- e. Tekjur félagsins skulu byggja á umsömdum framlögum eigenda og heimildum félagsins til innheimtu flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við lagaheimildir.
- f. Félagið skal hafa fullnægjandi eigið fé og heimildir til lántöku, meðal annars með veði í tekjustreymi félagsins, til að flýta framkvæmdum umfram það sem fjármagnað verður með árlegum tekjustofnum félagsins, enda séu fyrir því lagaheimildir sem útfærðar verða í frumvarpi um félagið.
- g. Félagið skal hafa þær heimildir til samningsgerðar sem því eru nauðsynlegar til að tryggja framkvæmd þeirra verkefna sem því eru falin.
- h. Félagið skal skila eigendum á a.m.k. 6 mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál.

Tryggt skal að heimildir félagsins gangi ekki gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga eða rétti þeirra og skyldum skv. sérlögum, s.s. skipulagslögum.

Samhliða stofnun félagsins verða festar í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningsamgangna og gengið frá fjárhagslegum, lagalegum og tæknilegum atriðum í því sambandi.

Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og mun á grundvelli þess annast eftirfylgni, eftirlit og utanumhald með samkomulaginu. Jafnframt mun stjórn SSH fyrir hönd fyrrnefndra sveitarfélaga hafa umsjón með því að einstök ákvæði samkomulagsins nái fram að ganga og vera tengiliður við sveitarstjórnir þeirra í tengslum við hugsanlegar breytingar, endurskoðun og nánari útfærslu á samkomulaginu.

7 Endurskoðunarákvæði

Telji aðili samkomulagsins að forsendur þess hafi breyst í veigamiklum atriðum getur hann óskað eftir viðræðum um þörf á endurskoðun á ákvæðum þess.

Ef viðræður þykja að mati aðila gefa tilefni til endurskoðunar skulu þeir ákvarða aðgerðir og viðbrögð sem þörf er á til að tryggja framvindu og framkvæmd samkomulagsins í samræmi við markmið þess, þ.m.t. 3. gr. samkomulagsins um að framkvæmdaáætlun nái fram að ganga.

Komi upp ófyrirséðar utanaðkomandi aðstæður sem raska í grundvallaratriðum möguleikum ríkis og sveitarfélaga til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar samkomulagsins skulu aðilar taka upp viðræður um hvernig við skuli brugðist. Við slíkar aðstæður skal markmið viðræðna vera það að tryggja að framkvæmdaáætlun nái fram að ganga eins og kostur er.

8 Lagaheimildir

Ríkisstjórnin mun vinna að eftirfarandi:

- a. Að fengnar verði nauðsynlegar lagaheimildir til álagningar flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu og að tekjur af þeim renni til að fjármagna verkefni samkvæmt samkomulagi þessu. Félag aðila skv. 6. gr. fái heimildir til innheimtu flýti- og umferðargjalda í samræmi við lagaákvæði.
- b. Að fengnar verði nauðsynlegar lagaheimildir vegna sameiginlegs félags aðila sem heldur utan um framkvæmdina, þ.e. uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu og fjármögnun hennar, þ.m.t. nauðsynlegar lántökuheimildir. Miðað er við að félagið taki til starfa í upphafi árs 2020. Fáist ekki sérstök lagaheimild fyrir árslok 2019 mun ríkisstjórnin vinna að því að afla heimildar í 6. gr. fjárlaga til stofnunar félagsins.

Handwritten signatures and initials, including a large signature that appears to be 'G.M.' and another that looks like '5'.

Til að tryggja að markmið og skuldbindingar aðila skv. samkomulagi þessu nái fram að ganga mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggja til framlög í samræmi við samkomulagið í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun á gildistíma þess. Jafnframt mun fjármála- og efnahagsráðherra gera ráð fyrir fjárhagsskuldbindingum samkomulags þessa í fjármálaáætlun og frumvörpum að fjárlögum hvers árs. Við samningu lagafrumvarpa sem leggja skal fram samkvæmt samkomulagi þessu skal ríkið tryggja aðkomu og samráð við sveitarfélögin, enda skal efni þeirra taka mið af samkomulaginu.

9 Önnur atriði

Í viðauka 1 er framkvæmda- og fjárstreymisáætlun, sem telst hluti af samkomulagi þessu.

Þá fylgja samkomulaginu eftirfarandi fylgiskjöl:


1. Viljayfirlýsing ríkisins og SSH frá 21. september 2018
2. Skýrsla verkefnishóps um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 frá nóvember 2018.
3. Samningur Vegagerðarinnar og SSH um samstarf við tæknilegan undirbúning fyrstu borgarlínuframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. júní 2019.
4. Samgönguáætlun 2019-2023 og 2019-2033.

Undir samkomulag þetta rita forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra f.h. ríkisins og borgarstjóri og bæjarstjórar f.h. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Undirritun af hálfu ríkisins er með fyrirvara um að Alþingi samþykki þær lagabreytingar sem samkomulagið kveður á um. Að sama skapi er undirritun af hálfu sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki sveitastjórna.


Handwritten signatures and initials in the bottom right corner of the page. There are several distinct signatures, including one that appears to be 'R. Dan' and another that looks like 'G. W.' with a date '6' written below it.

Reykjavík, 26. september 2019


F.h. ríkisins



forsætisráðherra




fjármála- og efnahagsráðherra




samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


F.h. sveitarfélaga




borgarstjóri Reykjavíkurborgar




bæjarstjóri Kópavogsbæjar



bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar



bæjarstjóri Garðabæjar



bæjarstjóri Mosfellsbæjar



bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar



